

hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, þó þannig, að kærði Guðmundur Helgi greiði $\frac{1}{2}$ alls málskostnaðar og kærði Haukur $\frac{1}{2}$ hans.

Mál Karls Róberts Karlssonar hefur verið afgreitt sérstaklega með réttarsátt.

Af málsskjölum og réttarprófum kemur fram ástæðan fyrir drætti málsins.

Dómsorð:

Kærði, Guðmundur Helgi Sigfússon, greiði 25000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði, Haukur Ólafsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

10 heimilisþvottavélar og ein heimilishræivél skulu vera upp-tækar ríkissjóði til handa.

Kærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, þó þannig, að kærði Guðmundur Helgi Sigfússon greiði $\frac{1}{2}$ alls málskostnaðar og kærði Haukur Ólafsson $\frac{1}{2}$ hans.

Mánudaginn 9. febrúar 1953.

Nr. 121/1947. **Kirkjusandur h/f** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Rafmagnseftirliti ríkisins (Magnús Thorlacius).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Arnalds, borgardómari í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi og nóvalleyfi 10. s. m. Eru kröfur hans þær, að fjárhæð sú, kr.

13.012.43, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði færð niður í kr. 980.00, að málskostnaður í héraði verði felldur niður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Málavextir eru þessir :

Árið 1945 reisti áfrýjandi frystihús á Kirkjusandi í Reykjavík. Skorti hann kælivatn til notkunar við frystivélar hússins, enda átti hann þess ekki kost að fá vatn frá Vatnsveitu Reykjavíkur, en talið var óheppilegt að nota sjávarvatn til kælingar. Varð það að ráði, að athugaðir yrðu möguleikar á því að afla kælivatns úr borholu á Kirkjusandi. Leitaði áfrýjandi um þetta til stefnda, sem átti borvélar og hafði áður staðið fyrir jarðborunum. Verkfræðingur jarðborunardeildar stefnda tjáði þá fyrirsvarsmanni áfrýjanda, að mörg frystihús á Reykjanesi hefðu látið gera borholur með ágætum árangri, en aðstæður mundu ekki vera ólíkar við Kirkjusand. Taldi verkfræðingurinn líklegt eftir þeirri reynslu, sem fengist hefði á Reykjanesi, að kostnaður mundi verða um 5000 krónur.

Eftir þetta varð það að samningi með áfrýjanda og stefnda, að stefndi tæki að sér að bora eftir vatni á Kirkjusandi. Hinn 11. febrúar 1946 var af hálfu áfrýjanda undirrituð yfirlýsing um, að hann ábyrgist alla greiðslu vegna jarðborunarinnar, og skyldi greiðslunni hagað eftir því, sem stefndi ákvæði. Sama dag var hafizt handa um flutning jarðbors inn á Kirkjusand, en jarðborun hófst 14. s. m. Borvél þá, sem notuð var, hafði stefndi keypt af sölunefnd setuliðseigna sumarið 1945. Kveður stefndi hreyfil borvélarinnar hafa verið orðinn nokkuð slitinn, er borun hófst á Kirkjusandi.

Tveir menn störfuðu að jarðboruninni undir stjórn verkstjóra og verkfræðings stefnda. Alls var unnið að jarðborun 29 daga á tímabilinu frá 14. febrúar til 26. marz 1946. Var borholan orðin 29.3 m djúp, er hætt var, en ekki kom í hana neitt vatn, svo að gagni væri. Bar verkið því ekki að neinu leyti þann árangur, sem eftir var sótt.

Meðan á verkinu stóð, greiddi áfrýjandi stefnda kr. 4000.00 upp í kostnaðinn. Að verki loknu gerði stefndi áfrýjanda reikning fyrir kostnaði, sem hér segir:

1. Fastakostnaður (þ. e. gjald fyrir borvél) 29 daga, kr. 250.00 á dag		kr. 7.250.00
2. Vinnulaun	kr. 7.160.03	
Álag á vinnulaun 20%	kr. 1.432.02	
		— 8.592.10
3. Leiga á dælum		— 30.00
4. 5 mtr rör 6", 40 kr. pr. mtr ..		— 200.00
5. Flutningskostnaður		— 940.33
		Alls kr. 17.012.43
Greitt af áfrýjanda 22. febrúar 1946		— 4.000.00
		Eftirstöðvar kr. 13.012.43

Stefndi krafði áfrýjanda um greiðslu reiknings þessa með bréfum 23. júlí og 9. og 23. ágúst 1946, en áfrýjandi sinnti þeim ekki né svaraði. Höfðaði stefndi þá mál á hendur áfrýjanda með stefnu 19. sept. 1946 til greiðslu eftirstöðvanna. Með því að enginn sótti þing af hendi áfrýjanda, var málið dæmt í héraði óreifað af hans hálfu hinn 12. október 1946.

Hinn 14. marz 1947 ritaði áfrýjandi lögmanni stefnda bréf og hafði þar uppi andmæli gegn fjárhæð reiknings stefnda, en bauðst til að greiða kr. 6000.00 til viðbótar áður greiddum kr. 4000.00. Er stefndi vildi ekki fallast á afslátt af reikningsfjárhæðinni, skaut áfrýjandi málinu til Hæstaréttar, svo sem fyrr segir.

Hinn 17. nóvember 1947 sneri áfrýjandi sér til borgardómars í Reykjavík og æskti þess, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að skoða borunarframkvæmdir og meta:

- „a) hvort boranirnar hafi komið að gagni,
- b) ef svo er ekki talið, hverjar þá séu orsakir þess,
- c) hvað verkið hafi kostað Rafmagnseftirlit ríkisins.“

Hinn 19. nóvember 1947 voru þeir Helgi Sigurðsson hita-

veitustjóri og Valgarð Thoroddsen bæjarverkfræðingur dómkvaddir til að framkvæma mat þetta. Skiluðu þeir ekki matsgerð fyrr en 28. nóvember 1949. Spurningunni í a-lið svara matsmennirnir neitandi. Spurningunni í b-lið svara þeir á þá leið, að mjög litlar líkur hafi verið fyrir því, að þarna fengist kælivatn. Telja þeir, að ekki hafi verið alls kostar rétt að miða við árangur af jarðborunum í Keflavík, því að jarðlög séu þar allt önnur en hér. Auk þess hefði fremur mátt gera ráð fyrir heitu vatni en köldu á því svæði, sem borað var, en heitt vatn hefði ekki komið frystihúsinu að notum sem kælivatn. Að því er tekur til spurningarinnar í c-lið, þá kveða matsmennirnir borleigu hæfilega ákveðna 250 krónur á dag. Ekki kemur fram í matsgerð þeirra, að þeir telji heldur aðra kostnaðarliði of hátt setta, ef miðað er við tíma þann, sem til verksins gekk. Hins vegar telja þeir verkið hafa sótt óhæfilega seint, miðað við þá reynslu, er fengizt hafi af öðrum jarðborunum, og virðast þeir álíta þetta aðallega stafa af því, að borunartækin hafi verið léleg. Segja þeir í lok matsgerðar sinnar, að stefnda hafi borið skylda til að hafa bortækin í því ástandi, að þau skiluðu viðunandi afköstum, og sé miðað við meðal borhraða Hitaveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar í tilteknum 7 borholum, hefði reikningur stefnda átt að nema alls kr. 4980.00. Er krafa áfrýjanda hér fyrir dómi reist á þessari niðurstöðu.

Með bréfi, dags. 27. janúar 1950, æskti stefndi þess, að borgardómariinn í Reykjavík dómkveddi þrjá yfirmatsmenn til þess að meta til fjár verk það og aðrar kröfur, er greinir á fyrrnefndum reikningi stefnda, og taka auk þess undirmatsgerðina til meðferðar. Hinn 1. febrúar 1950 dómkvaddi borgardómari til þessa starfa þá Árna Snævarr verkfræðing, Ólaf Tryggvason verkfræðing og Sigurð Þórarinsson jarðfræðing. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 13. nóvember 1950.

Yfirmatsmenn komast að þeirri niðurstöðu, að reikningur stefnda sé tölulega réttur og kostnaðarliðir ekki of hátt ákveðnir, sé miðað við þann tíma, sem til verksins gekk. Þeir telja, að reynslu af jarðborunum eftir vatni í Keflavík hafi mátt hafa til hliðsjónar, er hafizt var handa um jarðborun á Kirkjusandi, enda geri undirmatsmenn of mikið úr mismun

á jarðlögum á nefndum stöðum. Ekki hafi verið ástæða til að ætla, að vatnið yrði of heitt til notkunar, þar sem gert var ráð fyrir, að því yrði náð á tiltölulega litlu dýpi. Er niðurstaða yfirmatsmanna um þetta atriði sú, að verkfræðingur jarðborunardeildar stefnda hafi haft ástæðu til að gera ráð fyrir þeim möguleika að fá við boranir á Kirkjusandi nægilegt kælivatn til að fullnægja þörf frystihúss þar.

Þá segja yfirmatsmenn, að meginástæðan til þess, hversu seint verkið sóttist, muni hafa verið sú, að jarðlögin hafi verið erfið til borunar. Sé ekki unnt með samanburði við jarðboranir þær, sem framkvæmdar hafi verið á Reykjavíkursvæðinu, að staðhæfa, að borunin á Kirkjusandi hafi sótt óeðlilega seint.

Loks er það álit yfirmatsmanna, að jarðfræðilegum athugunum í sambandi við borunina á Kirkjusandi hafi verið áfátt og að nákvæm rannsókn hefði sennilega getað leitt til þess, að borun hefði verið hætt nokkru fyrr en raun varð á. Telja þeir, að hæfilegt hefði verið að stöðva verkið sex dögum fyrr en gert var, en þá mundi kostnaður af verkinu hafa numið alls kr. 14.112.13.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi haldið því fram, að verkfræðingur jarðborunardeildar stefnda hefði átt að sjá það fyrirfram, að ekki væru líkur til þess, að kalt vatn fengist með borun á Kirkjusandi, og þess vegna ekki átt að taka verkið að sér. En með skírskotun til álits yfirmatsmanna um þetta atriði og með því að fyrirsvarsmanni áfrýjanda mátti vera ljóst, þegar samningur var gerður, að alls óvíst væri um árangur af verkinu, þá verður þessi mótbára ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefur einnig skírskotað til þess, að greindur verkfræðingur stefnda lét í ljós það álit, að kostnaður af verkinu mundi verða um 5000 krónur. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda gat ekki gengið þess dulinn, að hér var aðeins um ágizkun að ræða og að fullkomin óvissa væri um kostnaðinn. Verður þessari mótbáru því ekki heldur sinnt.

Þá er því haldið fram af áfrýjanda hálfu, að verkinu hafi seinkað vegna lélegra borunartækja. Ekki er komin fram í málinu sönnun fyrir því, að borunartæki hafi verið gölluð

eða í því ástandi, að notkun þeirra hafi verið brot á samnings- skyldum stefnda. Verður fjárkrafa stefnda því ekki lækkuð af þessum sökum.

Enn hefur áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi haft óvana menn til að framkvæma jarðborunina og stjórna henni og hafi verkinu seinkað af þeim sökum, en ekki á sú stað- hæfing stoð í gögnum málsins.

Loks hefur áfrýjandi krafizt lækkunar á reikningskröfu stefnda vegna þess, að verkinu hafi verið haldið of lengi áfram. Þegar litið er til þess, að fyrirsvarismaður áfrýjanda fylgdist með verkinu og að auðvelt var fyrir hann að vita á hverjum tíma, hvað því liði og hver kostnaður væri á fallinn, þá þykir ekki rétt að taka þessa mótbáru til greina.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og þegar á það er litið, að áfrýjandi ábyrgðist stefnda fulla greiðslu á öllum kostnaði af jarðboruninni með fyrrgreindri yfirlýsingu, dags. 11. febrúar 1946, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda, sem ekki kom fyrir dóm í héraði, að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kirkjusandur h/f, greiði stefnda, Raf- magnseftirliti ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. okt. 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Jakob Gíslason forstjóri f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. f. m. gegn Kirkjusandi h.f., hér í bænnum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 13.012.43 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí s.l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið og er honum þó löglega stefnt. Verður þá samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að væma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau

eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá stefnudegi.

Málskostnaður ákveðst kr. 1100.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kirkjusandur h.f., greiði stefnanda, Jakob Gíslasyni f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins, kr. 13.012.43 með 6% ársvöxtum frá 19. september 1946 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 10. febrúar 1953.

Nr. 108/1950. **Eigendur v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475**
(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
(Theódór B. Líndal).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Árekstur skipa. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefjast þeir þess, að dómkröfur stefnda verði lækkaðar eftir mati Hæstaréttar, málskostnaður í héraði verði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til raka þeirra, er greinir í hinum áfrýjaða dómi um vangæzlu af hálfu stjórnenda v/b Hannesar Hafsteins, verður að telja, að þeir eigi meginsök á nefndum árekstri. Á hinn bóginn verður að líta svo á, að skipstjórnarmenn v/s Dóru hefðu með nægilegri aðgæzlu átt að sjá til ferða v/b Hannesar Hafsteins, fyrr en raun bar vitni, enda bar þeim og að gæta sérstakrar varúðar í siglingu sinni, þar